

ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA - ALMANNAHEILLAFÉLÖG**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFI**

54. Sambandsþing UMFI haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að efla rekstrarumhverfi íþróttá- og ungmennafélagshreyfingarinnar með því að veita eftirfarandi ívilnanir til þeirra félaga sem eru skráð á almannaheillalista:

1. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna kostnaðar við rekstur og starfsemi.
2. Endurgreiðsla tryggingargjalds af launum starfsfólks hjá félögunum.
3. Heimild fyrir verktöku fyrir einstaklinga að því marki að allt að 50% af tekjum þeirra geti komið frá viðkomandi félagi.
4. Námsfólk fái heimild til verktöku óski það þess, til að auðvelda þátttöku og sveigjanleika í starfi hjá félögum.
5. Tryggja að sjálfbóðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð á rekstri, skuldbindingum eða alvarlegum atvikum í starfsemi félaganna.

Greinargerð:

Íþróttá- og ungmennafélagshreyfingin er einn öflugasti sjálfbóðaliðavettvangur landsins og hefur í áratugi verið burðarás í lýðheilsu, uppeldi og félagsstarfi þjóðarinnar. Þrátt fyrir gífurlegt samfélagslegt gildi hreyfingarinnar er rekstrarumhverfi félaganna oft íþyngjandi og ótryggt. Því er brýnt að bregðast við með markvissum ívilnunum.

1. Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Mikilvæg útgjöld félaganna, svo sem vegna húsnæðis, búnaðar og vörukaupa, bera virðisaukaskatt sem er verulegur kostnaðarliður. Endurgreiðsla VSK myndi tryggja félögunum aukið svigrúm til að efla starfsemi sína og nýta fjármagn beint í hreyfingu og samfélagsstarf, í stað skattgreiðslna. Slíkar endurgreiðslur eru t.d. þekktar í Noregi og fleiri löndum sem við berum okkur oft saman við.

2. Endurgreiðsla tryggingargjalds af launum starfsfólks

Tryggingargjaldið er þungur kostnaður fyrir félög sem þegar starfa á viðkvæmum fjárhagsgrundvelli. Með því að afnema það af launum starfsfólks í íþróttá- og ungmennafélögum væri dregið úr launakostnaði og gert kleift að ráða fleira fagfólk til að styðja við sjálfbóðastarf og efla gæði í starfi.

3. Heimild til verktöku að hluta

Félögin byggja víða á tímabundinni ráðningu einstaklinga í verkefni, t.d. þjálfara. Með því að heimila að allt að 50% af tekjum einstaklinga geti komið frá verktöku hjá viðkomandi félagi er skapaður sveigjanleiki sem hentar bæði félögunum og einstaklingunum.

4. Heimild námsfólks til verktöku

Námsfólk tekur gjarnan virkan þátt í starfi félaganna, sérstaklega í hlutastörfum og tímabundnum verkefnum. Með því að heimila námsfólki að velja verktökuform er tryggt að þátttaka þess verði raunhæf, sveigjanleg og aðgengileg, án óhagræðis fyrir félögin eða einstaklingana.

5. Vernd sjálfbóðaliða

Starfsemi íþróttá- og ungmennafélaga stendur og fellur með óeigingjörnu starfi sjálfbóðaliða. Núverandi fyrirkomulag getur skapað óvissu um persónulega ábyrgð þeirra ef upp koma rekstrarerfiðleikar eða alvarleg atvik. Nauðsynlegt er að tryggja í lögum að sjálfbóðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð, heldur sé ábyrgðin á herðum lögaðila. Þetta mun styrkja öryggi sjálfbóðaliða og hvetja fleiri til þátttöku í stjórnar- og félagsstörfum.

Með þessum ívilnunum er ekki aðeins tryggt að félögin geti staðið undir sífellt vaxandi verkefnum, heldur er líka fjárfest í lýðheilsu, menntun og félagslegri samheldni þjóðarinnar. Samfélagslegur ávinningur af öflugum starfi íþróttá- og ungmennafélaga er margfaldur miðað við þann kostnað sem slíkar aðgerðir mundu hafa í ríkisfjármálum.

Vísað til: